

GJALDSKRÁ

fyrir kattahald í Húnaþingi vestra.

1. gr.

Eigendur katta í Húnaþingi vestra skulu greiða sveitarsjóði skráningargjald sem ætlað er að standa undir kostnaði skv. 2. gr. samþykktar um kattahald í Húnaþingi vestra, nr. 172/2000. Innifalið í leyfisgjaldinu er merkispjald auk umsýslugjalda sveitarfélagsins.

2. gr.

Við umsókn um skráningu kattarins skal innheimta gjald að upphæð kr. 1.200.
Ef endurnýja þarf merkispjald skal innheimta gjald að upphæð kr. 800.

3. gr.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt var af sveitarstjórn Húnaþings vestra þann 2. desember 2004 er sett samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og samþykkt af heilbrigðiseftirliti Norðurlands vestra þann 20. desember 2004, öðlast þegar gildi.

Húnaþingi vestra 20. janúar 2005.

Skúli Þórðarson sveitarstjóri.